

Hugtakaleikur Fjármálavits - spilareglur

- Útskýra á orð með öðrum orðum. Öll orðin í leiknum snúa að fjármálum.
- Nemendum er skipt í nokkur 2 -3 manna lið.
- Svipaðir orðabunkar eru í gangi hjá öllum liðum.
- Einn úr liði dregur miða og reynir að útskýra orðið fyrir liðsmönnum sínum án þess að segja orðið sjálf. Liðsmenn skiptast á að draga miða og útskýra. Nota má vísbendingar, samheiti og andheiti. Það má ekki nota látbragð.

Dæmi: Vasapeningur. „Þetta er samsett orð! Það sem er á buxum, framaná og aftaná, og það sem við borgum með.

- Ef eitt orð vefst mikið fyrir þá er best að geyma það og reyna við nýtt.
- Þau orð sem liðin geta ekki útskýrt fara í sér „ruslbunka“. Svona gengur þetta fyrir sig í 10 – 15 mínútur.
- Það lið sem nær að útskýra flest orði stendur uppi sem sigurvegari.